

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Norðurþingi.

Skólasvæði á Húsavík.

Byggðarráð Norðurþings, samkvæmt umboði frá sveitarstjórn vegna sumarleyfa sveitarstjórnarfulltrúa, samþykkti á fundi sínum 29. júní 2023 nýtt deiliskipulag fyrir skólasvæðið á Húsavík. Skipulagssvæðið er um 5 ha að flatarmáli og er tilgangur skipulagsins að ákvarða uppbyggingarmöguleika á svæðinu til framtíðar. Möguleiki er á viðbyggingum og nýbyggingum innan skipulagssvæðisins, lóðir eru afmarkaðar og skilmálar settir er varða viðbyggingar. Möguleiki er á tengibyggingu undir yfirborði á milli Borgarhólsskóla og fyrirhugaðrar viðbyggingar við íþróttahöllina.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 23. ágúst 2023.

Gaukur Hjartarson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 6. september 2023